Nr. 29.
11. júlí.

Lög

um

eiða og drengskaparorð.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

I. Staðfesting heita.

1. gr.

Þegar einhverjum er veitt embætti eða sýslan í almennings þarfir eða hlotnast einhver vegsauki og svo er fyrir mælt í lögum, að hann skuli jafnframt vinna eiðfest heit, þá er sú eiðtaka af numin, en í stað hennar kemur drengskaparheit. Undanskildir eru þó eiðar þeir, sem fyrirskipaðir eru í 4. og 30. gr. stjórnarskrárinnar, og skulu þeir unnir á þann hátt, sem nú tíðkast.

II. Staðfesting vitnaframburðar.

2. gr.

Vitnaframburður skal að jafnaði eiðfestur. Eiður sá skal unninn svo, að vitnið lyftir upp hægri hendi, rjettir upp 3 fyrstu fingurna og mælir svo: Það sver jeg og vitna til guðs almáttugs, að jeg hafi sagt satt eitt og ekkert undan dregið.

3. gr.

Vitni, sem eigi er í neinu trúarfjelagi hjer á landi og enga trú játar, skal staðfesta framburð sinn með drengskaparorði, og fer staðfestingin fram á þann hátt, að vitnið tekur í hönd dómaranum og segir: Það legg jeg undir drengskap minn og mannorð, að jeg hafi sagt satt eitt og ekkert undan dregið.

4. gr.

Staðfesting vitnaframburðar fer fram að lokinni yfirheyrslu. Í einkamálum fellur hún niður, ef málsaðilar samþykkja.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

Lov

Nr. 29.
11. Juli.

om

Ed og Samvittighedserklæring.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

I. Bekræftelse af Løfter.

§ 1.

Naar der ved Modtagelsen af en Udnævnelse til et Embede eller en offentlig Bestilling eller ved Modtagelsen af en Udmærkelse efter de gældende Regler skal afgives edelig bekræftet Løfte, bortfalder fremtidig Anvendelse af Ed, og Løftet bliver i Stedet derfor at bekræfte ved Samvittighedserklæring. Herfra undtages dog de i Forfatningslovens §§ 4 og 30 foreskrevne Eder, hvilke afgives paa den hidtil anvendte Maade.

II. Bekræftelse af Vidneforklaringer.

§ 2.

Vidneforklaringers Bekræftelse foregaar i Almindelighed ved Ed; denne aflægges ved at Vidnet med højre Haand opløftet og med de tre første Fingre udstrakte udtaler: Jeg sværger ved den almægtige Gud, at jeg har talt Sandhed og intet fortiet.

§ 3.

Vidne som staar udenfor her i Landet bestaaende Trossamfund og som erklærer at være konfessionsløs bekræfter sin Forklaring ved Samvittighedserklæring; denne afgives ved at Vidnet giver Dommeren Haanden og udtaler: Jeg forsikrer paa Ære og Samvittighed, at jeg har talt Sandhed og intet fortiet.

§ 4.

Bekræftelse af Vidneforklaring foretages efter Afhøringen; i private Sager bortfalder den, naar Parterne give Afkald derpaa.

Nr. 29. 11. júlí.

Áður en yfirheyrsla byrjar, skal dómarinn alvarlega brýna fyrir vitninu að segja satt, og jafnframt minna það á þá ábyrgð, er rangur framburður og röng staðfesting hefur í för með sjer, og á helgi og þýðingu eiðs þess eða drengskaparorðs, er heimta má að vitnaframburðinum.

Áður en framburður er staðfestur, skal dómarinn, ef ástæða þykir til, enn að nýju minna vitnið á þýðingu staðfestingarinnar; einnig skal því veitt nægilegt ráðrúm til að leiðrjetta framburðinn.

Ef vitnið er í kristnu trúarfjelagi, og þess er krafist, að það sje ámint um sannsögli, skal áminningin veitt á þann hátt, að lesin sje upp fyrir því áminningarræða sú, sem fyrirskipuð er í tilskipun 22. seft. 1846. Þegar öðruvísi stendur á, skal viðhafa aðra alvarlega áminningu.

Órjettmæt undanfærsla undan staðfestingu á vitnaframburði skal sæta sömu afleiðingum og órjettmæt undanfærsla undan vitnaframburði.

III. Staðfesting á yfirlýsingu málsaðila og aðrar staðfestingar fyrir rjetti.

5. gr.

Nú eru úrslit máls komin undir eiði annarshvors málsaðila, og er honum þá heimilt að staðfesta framburð sinn með drengskaparorði í stað eiðs, ef hann lýsir yfir því við dómara þann, er eiðinn átti að taka, að hann játi enga trú.

6. gr.

Þar sem staðfesting með eiði að öðru leyti er heimiluð í lögum, svo sem er um staðfesting skoðunar- og matsgjörða, skulu framangreindar reglur um staðfesting með drengskaparorði koma til framkvæmda samkvæmt því, sem áður er sagt.

7. gr.

Staðfesting á skýrslu málsaðila, skoðunar- og matsgjörðum og aðrar staðfestingar fyrir rjetti fara fram svo sem fyrir er mælt í 2. og 3. gr., með þeim breytingum, sem leiða af málavöxtum. Þá er matsgjörðir eru staðfestar, skal eiðurinn að því unninn eða drengskapur við lagður, að starfið sje af hendi leyst og skýrslan gjörð eftir beztu sannfæringu.

Áður en staðfesting fer fram, skal dómarinn áminna og telja um fyrir hlutaðeigandi, svo sem fyrir er mælt í 4. gr., þá er staðfestur er vitnaframburður.

IV. Almenn ákvæði.

8. gr.

Eiðspjöll eða staðfestingu með drengskaparorði má eigi leyfa:

1. Börnum innan 15 ára.
2. Mönnum, er svo þykir vitsmuna vant, að staðfesting mundi vera marklaus.

Forinden Vidneafhøringen skal Dommeren alvorlig lægge Vidnet paa Hjerte at følge Sandheden, idet han minder om Ansvaret for falsk Forklaring og falsk Bekræftelse og om Helligheden og Betydningen af den Ed eller Samvittighedserklæring, som kan forlanges paa Vidneudsagnet.

Forinden Vidneforklaring bekræftes bør Dommeren, naar Omstændighederne give Anledning dertil, paany minde om Bekræftelsens Betydning, ligesom der bør gives fornøden Lejlighed til Berigtigelse af Forklaringen.

Formaningen til at følge Sandheden skal, naar Vidnet hører til et kristent Trossamfund, og Forlangende derom fremsættes, foretages ved Oplæsningen af den i Forordning 22. September 1846 anordnede Formaningstale; i andre Tilfælde anvendes anden højtidelig Paamindelse.

Uberettiget Vægring ved at bekræfte en Vidneforklaring medfører samme Følger som uberettiget Vægring ved at afgive Vidneforklaring.

III. Bekræftelse af Partserklæringer og anden retslig Bekræftelse.

§ 5.

Naar en Sag skal afgøres ved Partsed har den paagældende Ret til at bekræfte sit Udsagn ved Samvittighedserklæring i Stedet for ved Ed, naar han for den Dommer, som skulde modtage Eden, erklærer at være konfessionsløs.

§ 6.

Naar iøvrigt edelig Bekræftelse er hjemlet i Lovgivningen, saasom ved Afhjemling af Syns- og Skønsforretninger, kommer de foranstaaende Regler om Adgang til i visse Tilfælde at bekræfte ved Samvittighedserklæring til tilsvarende Anvendelse.

§ 7.

Bekræftelse af Partserklæringer, Syns- og Skønsforretninger eller anden retslig afgiven Erklæring, foregaar, som i §§ 2 og 3 fastsat med de Ændringer, som følge af Forskellen i Bekræftelsens Genstand; ved Bekræftelsen af Skønsforretninger aflægges Ed eller Samvittighedserklæring paa, at man har udført Hvervet og afgivet Skønserklæringen efter bedste Overbevisning.

Forinden Bekræftelsen skal Dommeren give den paagældende Formaning og Advarsel i Lighed med de i § 4 ved Bekræftelse af Vidneforklaringer foreskrevne Regler.

IV. Almindelige Bestemmelser.

§ 8.

Edsaflæggelse eller Afgivelse af Erklæring paa Ære og Samvittighed kan ikke tilstedes

1. Børn under 15 Aar,
2. Personer, hvis Aandsevner skønnes at være saa mangelfulde, at Bekræftelse vilde være betydningsløs,

Nr. 29. 11. júlí. 3. Mönnum, sem uppvísir hafa orðið að röngum framburði eða meinsæri, eða eru undir ákæru fyrir slík brot.

9. gr.

Staðfesting með drengskaparorði hefur að öllu sama gildi og afleiðingar sem eiðvinning.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 11. júlí 1911.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

3. Personer, der er under Tiltale for eller fundne skyldige i falsk Forklaring for Retten eller Mened.

§ 9.

Bekræftelse paa Ære og Samvittighed har i enhver Henseende samme Betydning som Bekræftelse ved Ed.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 11. Juli 1911.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

Kristján Jónsson.

Islands Ministerium, den 11. Juli 1911.

Kristján Jónsson.

Jon Krabbe.